



Ráðhús Reykjavíkur
Forsætisnefnd

Efni: Tillaga um breytingu á samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð

Með bréfi þessu er farið fram á og lagt til að gerð verði breyting á samþykkt skóla- og frístundaráðs í þeim tilgangi að tilgreina að framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs hafi setuskyldu á fundum ráðsins.

Í 4. mgr. 7. gr. samþykktar fyrir skóla- og frístundaráð er svohljóðandi ákvæði:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Lagt er til að ákvæðið verði svohljóðandi:

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Jafnframt situr fundi ráðsins framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Rökstuðningur:

Með framangreindri tillögu er lagt til að samþykkt skóla- og frístundaráðs endurspegli fyrirkomulag það sem gilt hefur um árábil, þ.e. að framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs hafi í raun setuskyldu á öllum fundum skóla- og frístundaráðs að kröfu sviðsstjóra. Í forföllum sitja staðgenglar fundina. Samkvæmt núverandi skipulagi eru í framkvæmdastjórn skrifstofustjórar fagskrifstofu leikskóla, grunnskóla og frístundar, jafnframt skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra, mannauðsstjóri, fjármálastjóri og yfirlögfræðingur.

Á það er bent að samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar endurspeglar ekki umboð það sem sviðsstjóri hefur veitt aðilum í framkvæmdastjórn sviðsins skv. skipuriti. Staðreyndin er sú að allir aðilar í framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs eru boðaðir af sviðsstjóra og formanni skóla- og frístundaráðs á alla fundi skóla- og frístundaráðs.

Þrátt fyrir að setuskylda framkvæmdastjórnar skóla- og frístundasviðs komi ekki skýrt fram í samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar er það mat sviðsstjóra að ekki sé gerlegt að halda ráðsfundi án þátttöku framkvæmdastjórnar og liggja fyrir því nokkrar ástæður. Í fyrsta lagi má nefna umfang sviðsins sem hefur umsjón og eftirlit með rekstri allra grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, skólahljómsveita, dagforeldra og Námsflokka auk samninga við tónlistarskóla og sjálfstætt starfandi leik- og grunnskóla. Í öðru lagi er setuskylda nauðsynleg til að tryggja samræmi og samfellu þegar kemur að lagaskyldum Reykjavíkurborgar gagnvart börnum í Reykjavík og


fjölskyldum þeirra og þróun þjónustu. Í þriðja lagi ber skóla- og frístundasvið ábyrgð á framkvæmd ákvarðana skóla- og frístundaráðs.

Þá er það staðreynd að á hverjum ráðsfundi sem haldinn er hálfsmánaðarlega, í 3 ½ klukkustund, með um 10-20 málum hverju sinni, að í langflestum tilfellum eru það aðilar í framkvæmdastjórn sem fylgja málum eftir á fundinum með tilheyrandi undirbúningi. Seti á ráðsfundum og undirbúningsfundum skóla- og frístundaráðs og allur undirbúningur sem hver og einn aðili í framkvæmdastjórn þarf að leggja af hendi varðandi þau mál sem hann á að fylgja eftir á hverjum fundi er mjög stór hluti af starfi framkvæmdastjórnar, fastir fundir og undirbúningur.

Skóla- og frístundaráð hefur þá sérstöðu að fastir áheyrnarfulltrúar á ráðsfundum eru margir. Með málfrelsi og tillögurétt hafa: fulltrúar skólastjóra grunnskóla, skólastjóra leikskóla, framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvar, fulltrúi grunnskólakennara, fulltrúi leikskólakennara, fulltrúi ungmenn og fulltrúi foreldra. Á fundum skóla- og frístundaráðs er mikil umræða milli áheyrnarfulltrúa og kjörinna fulltrúa og er algjörlega nauðsynlegt að framkvæmdastjórn taki virkan þátt í umræðunni, geti gefið upplýsingar sem mikilvægar eru fyrir afgreiðslu mála og sé vel meðvituð um sjónarmið sem fram koma. Þá er ítrekað mikilvægi þess að ávallt verði höfð í huga tengsl milli málaflokkanna í samræmi við það hlutverk sviðsins að veita börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðla að samfelli í öllu starfi sem hefur velferð barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Í ljósi framangreinds er nauðsynlegt að framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs sé með setuskyldu á fundum.

Virðingarfyllt



Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Fundargerðir árin 2019 og 2020